



Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð
Borgartúni 14
105 Reykjavík

Tillaga að breyttum verklagsreglum Bókmenntaverðlauna Tómasar Guðmundssonar

Í samræmi við breyttar verklagsreglur Barnabókaverðlauna Reykjavíkurborgar, sem samþykktar voru á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs þann 27. janúar sl. og breyttum verklagsreglum Barnabókaverðlauna Guðrúnar Helgadóttur sem samþykktar voru 8. mars sl. er lögð fram sú tillaga að FÍBÚT, félag íslenskra bókaútgefenda tilnefni einn fulltrúa í dómnefnd Bókmenntaverðlauna Tómasar Guðmundssonar, og Reykjavík bókmenntaborg UNESCO tilnefni annan, í stað þeirra tveggja sem kveður á um að menningar-, íþrótt- og tómstundaráð skuli gera í 3. gr. núverandi verklagsreglna, síðast samþykktar árið 2008. Aðrir sem tilnefna fulltrúa eru eftir sem áður RSÍ, Rithöfundasamband Íslands.

Þannig verði séð til þess að dómnefnd verðlaunanna sé skipuð fagfólki sem er vel til þess fallið að meta gildi og gæði handritanna sem berast og samræmis gætt í verklagsreglum bókmenntaverðlauna Reykjavíkurborgar.

Það er svo menningar-, íþrótt og tómstundaráð sem skipar dómnefnd verðlaunanna til eins árs í senn.

Virðingarfyllt,

María Rut Reynisdóttir

Skrifstofustjóri menningarborgar, Menningar- og íþróttasviði

Hjálagt:

Verklagsreglur Bókmenntaverðlauna Tómasar Guðmundssonar, samþykktar árið 2008

Tillaga að nýjum verklagsreglum Bókmenntaverðlauna Tómasar Guðmundssonar

Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar

1.

Bókmenntaverðlaunin heita Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar og eru veitt í minningu Tómasar Guðmundssonar. Þau eru veitt fyrir óprentað handrit að ljóðabók. Engin ákvæði eru um stærð verksins.

2.

Verðlaunaféð er greitt af Reykjavíkurborg. Ein verðlaun eru veitt. Verðlaunin eru veitt árlega í vetrarbyrjun. Verðlaunafjárhæð er samkvæmt ákvörðun menningar- og ferðamálaráðs hverju sinni í samræmi við fjárhagsáætlun.

3.

Dómnefnd til verðlaunanna er skipuð af menningar- og ferðamálaráði til eins árs í senn. Hana skipa þrír menn, þar af tveir samkvæmt tilnefningu menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar og einn samkvæmt tilnefningu Rithöfundasambands Íslands. Menningar- og ferðamálaráð skipar formann dómnefndar. Dómnefnd skal skipuð áður en auglýst er eftir nýjum handritum. Tilkynna skal borgarráði um skipan dómnefndar.

4.

Auglýst skal eftir handritum að lokinni úthlutun og skulu handrit, sem keppa til næstu verðlauna, berast skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs fyrir 1. júní á úthlutunarári.

Sé dómnefnd á einu máli um að ekkert þeirra verka sem borist hafa fullnægi þeim kröfum sem hún telur að gera verði til verðlaunaverka, má fella verðlaunaafhendingu niður það ár.

Handritum sem keppa til verðlaunanna þarf að skila merktum dulnefni, en nafn og heimilisfang fylgi með í lokuðu umslagi.

Útgáfuréttur verðlaunahandrits er í höndum höfundar eða þess forlags sem hann ákveður.

Samþykkt í borgarráði 15. nóvember 1994

með breytingu á 1. mgr. 4 gr. sem gerð var í borgarráði 23. september 1997.

Breyting á verðlaunafjárhæð (2. gr.) skv. samþykkt borgarráðs 4. september 1996.

Breyting á 2. gr. samþykkt í borgarráði 2. október 2001.

Breyting á 1., 2., 3. og 4. gr. samþykkt í borgarráði 16. júní 2005

Breyting á 3. og 4. gr. samþykkt í borgarráði 6. mars 2008.

Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar

1.

Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar eru veitt í minningu Tómasar Guðmundssonar Reykjavíkurskálds. Þau eru veitt fyrir óprentað handrit að ljóðabók. Engin ákvæði eru um lengd verksins.

2.

Ein verðlaun eru veitt árlega í vetrarbyrjun. Verðlaunaféð er greitt af Reykjavíkurborg og er fjárhæð samkvæmt ákvörðun menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs hverju sinni, í samræmi við fjárhagsáætlun.

3.

Dómnefnd til verðlaunanna er skipuð af menningar-, íþrótt- og tómstundaráði til eins árs í senn. Hana skipa þrjú fulltrúar, þar af einn samkvæmt tilnefningu Rithöfundasambands Íslands, annar samkvæmt tilskipun Félags íslenskra bókaútgefenda og þriðji samkvæmt skipun Reykjavíkur bókmenntaborgar UNESCO, sem jafnframt skipar formann. Dómnefnd skal skipuð áður en auglýst er eftir nýjum handritum. Tilkynna skal borgarráði um skipan dómnefndar.

4.

Handritum þarf að skila til skrifstofu menningar- og íþróttasviðs fyrir 1. júní á úthlutunarári, merktum dulnefni, en nafn og heimilisfang fylgi með í lokuðu umslagi.

Sé dómnefnd á einu máli um að ekkert þeirra verka sem borist hafa fullnægi þeim kröfum sem hún telur að gera verði til verðlaunaverka, má fella verðlaunaafhendingu niður það ár.

Útgáfuréttur verðlaunahandrits er í höndum höfundar eða þess forlags sem hann ákveður.